

Reykjavík, 22. mars 2013

Umhverfisstofnun
b.t. Sigrúnar Ágústsdóttur, sviðsstjóra
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Efni: Beiðni um endurupptöku ákvörðunar um starfsleyfi.

Fiskeldi Austfjarða hf., kt. 541185-0389, hefur starfsleyfi til framleiðslu á 3.000 tonnum af þorski í sjókvíum í Fáskrúðsfirði. Með bréfi þessu tilkynnir Fiskeldi Austfjarða hf. um áform um breytingar á rekstri þannig að í stað ofangreindrar skiptingar á eldistegund áformi félagið að gera breytingar sem felast í að ala 3.000 tonn af regnbogasilungi.

Fiskeldi Austfjarða hf. fer þess hér með á leit við Umhverfisstofnun að endurupptekið verði gildandi starfsleyfi að því er tekur til tegundagreininga samkvæmt ákvæðum gr. 1.1. og 1.2. í starfsleyfi í samræmi við ofangreind áform félagsins. Beiðni þessi byggir á ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Ofangreind áform félagsins fela ekki í sér breytingar á forsendum starfsleyfisins enda um að ræða sama eldismagn, eldisstaðsetningar verða óbreyttar, fóðurmagn verður óbreytt og rekstrarfyrirkomulag sömuleiðis óbreytt.

Vakin er athygli á því að samkvæmt bréfi skipulagsstofnunar til Fiskeldis Austfjarða hf., dags. 20. desember 2012, kemur fram að ekki sé talið að umrædd áform séu tilkynningarskyld samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Þess ber og að geta að regnbogasilungur er tegund sem ekki fjölgar sér í íslenskri náttúru og er því ekki mögulegt að til komi blöndun á erfðamengi við náttúrulega stofna. Þessu til viðbótar skal bent á að ekki er um að ræða flóttahættu í eldi á regnbogasilungi eins og um er að ræða í eldi á þorski. Allt ber þetta að þeim brunni að umrædd breyting er til hagsbóta fyrir náttúruna.


Af hálfu Fiskeldis Austfjarða hf. skal upplýst að félagið telur að öll skilyrði til endurupptöku ákvörðunar um starfsleyfi séu fyrir hendi, sbr. ákvæði 24. gr. stjórnslulaga. Kemur þar annars vegar til að upprunalegt starfsleyfi kveður á um heimild til að ala 3.000 tonn af þorski en í ljósi áforma félagsins um breytingar á eldistegundum verður að telja að ákvörðun í starfsleyfi um eldistegundir sé íþyngjandi, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga, enda hafa atvik breyst verulega frá því ákvörðun var tekin. Þá ber enn fremur til þess að líta að beiðni sem hér um ræðir

er fram komin innan tímafresta sem kveðið er á um í ákvæði 2. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga. Áréttað að beiðni þessi lýtur einungis að tilgreindum breytingum á ákvæðum 1.1. og 1.2. í gildandi starfsleyfi en jafnframt að öll önnur ákvæði starfsleyfis standi óbreytt.

Verði ekki fallist á beiðni þessa er gerður sá áskilnaður að beiðni þessi haggi í engu nógildandi starfsleyfi.

Virðingarfyllst,
f.h. Fiskeldis Austfjarða hf.

Þórður Þórðarson, hdl.

A large, stylized handwritten signature in black ink, written over the printed name of Þórður Þórðarson, hdl.

Fiskeldi Austfjörðum ehf.
Þórður Þórðarson
Nesbala 122
170 Seltjarnarnes

Reykjavík, 20. desember 2012

Tilvísun: 201212045 / 2.8.2

Efni: Fyrirspurn um breytingu á fiskeldi (þorskur í regnbogasilung) í Fáskrúðsfirði.

Vísað er til tölvupósts Fiskeldis Austfjarða hf., dags. 17. desember 2012, þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvort fyrirhugaðar breytingar á fiskeldi Fiskeldis Austfjarða hf. í Fáskrúðsfirði séu tilkynningarskyldar skv. 13. tl. a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í erindinu kemur fram að ofangreint félag sé með leyfi til að framleiða 3.000 tonn af þorski árlega í Fáskrúðsfirði og hyggist óska eftir því að leyfinu verði breytt í heimild til að framleiða sama magn af regnbogasilungi.

Skipulagsstofnun vísar til fyrri málsmeðferða er varða umhverfisáhrif af þorskeldi í Fáskrúðsfirði. Árið 2004 var tekin ákvörðun um að allt að 3.000 tonna eldi á þorski, á ári, í Fáskrúðsfirði væri ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Nú stendur til að framleiða allt að 3.000 tonn af regnbogasilungi í stað þorsks. Varðandi mögulega erfðablöndun milli regnbogasilungs og villtra fiskistofna vísar Skipulagsstofnun til umsagnar Veiðimálastofnunar, móttækin 28. maí 2009, varðandi eldi á allt að 2.000 tonnum af laxi og eða regnbogasilungi í Dýrafirði. Þar segir m.a.:

„Regnbogasilungur er ekki náttúrulegur á Íslandi. Hann hefur verið í eldi hér sem og víða um lönd í áratugi en er upprunnin frá Vesturströnd N-Ameríku og hrygnir að vori. Regnbogasilungur hefur ekki náð að fjölga sér á Íslandi. Regnbogasilungur veldur því ekki erfðablöndunarhættu, né hefur varanleg áhrif á íslenskar ár og vötn.“

Í fyrri ákvörðun Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif af fiskeldi í Fáskrúðsfirði var gert ráð fyrir eldi á allt að 3.000 tonnum af þorski og breytingin sem nú er til umfjöllunar gerir ekki ráð fyrir að lífmassi aukist umfram það. Fyrir liggur álit Veiðimálastofnunar um að ekki sé hætt á því að regnbogasilungur valdi erfðablöndun né hafi varanleg áhrif á íslenskar ár og vötn. Í ljósi þess að ekki verður aukning í lífmassa og óveruleg hættu er talin á því að erfðaeftni regnbogasilungs blandist villtum fiskistofnum telur Skipulagsstofnun að breytingin rúmist innan fyrri ákvörðunar. Fyrirhugaða breytingu á fiskeldinu sem hér er fjallað um þurfi því ekki að tilkynna til ákvörðunar um matsskyldu skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun vekur hins vegar athygli á því að mögulega þarf að óska eftir breytingum á starfs- og rekstrarleyfi hjá viðkomandi leyfisveitendum.



Sigmar Arnar Steingrímsson